

**Nd.**

**314. Frumvarp**

til laga um kosningu sáttanefndarmanna og varasáttanefndarmanna í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Sáttanefndarmenn og varasáttarnefndarmenn í Reykjavík skulu kosnir af bæjarstjórninni. Þeir skulu kosnir allir samtímis, þá er lög þessi öðlast gildi, með hlutfallskosningu og til 3 ára í senn.

**2. gr.**

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði í 12. gr. tilskipunar 10. júlí 1795, um stofnun sáttanefnda, sem koma í bága við lög þessi.